# SKÓLAAKSTUR AUÐARSKÓLA

**2026-2027 Handbók**

**Ábyrgð og umsjón: Katrín Kristjánsdóttir skólastjóri**

# Almennt um skólaakstur Auðarskóla

Fyrsti dagur skólaaksturs skólaárið 2026 til 2027 er þriðjudagurinn 25. ágúst og síðasti dagur skólaársins er 3. júní 2027. Skóli hefst alla daga samkvæmt stundatöflu kl. 8.30. Allir skólabílstjórar þurfa að kynna sér upplýsingar í handbók þessari og er sérstaklega bent á að reglur um skólaakstur sveitarfélagins voru uppfærðar 20. júlí 2023, sjá bls. 3. Á þessu skólaári verða um 90 nemendur í leik- og grunnskóla. Af þeim eru 46 börn í skólabílum.

Skólabílar skulu koma í Auðarskóla í fyrsta lagi kl. 08.15 að morgni hvers skóladags.

**Skóladegi lýkur:**

Mánudaga kl. 14:10 Brottför kl. 14:15 í fyrsta lagi

Þriðjudaga til fimmtudaga kl. 15:00 Brottför kl. 15:05 í fyrsta lagi

Föstudaga kl. 12:10 Brottför kl. 12:15

ÁRÍÐANDI: Mikilvægt er að skólabílar séu **ekki** komnir á bílaplanið fyrr en rétt áður en skóladeginum lýkur. Það er truflandi fyrir nemendur að sjá skólabílinn vera kominn en þurfa að klára skóladaginn áður en nemendur mega yfirgefa skólann.

Sama á við um leikskólabörn, að sækja þau ekki of tímanlega svo þau þurfi ekki að sitja of lengi í bið.

Skólabílar skulu leggja af stað frá skóla í fyrsta lagi 5 MÍNÚTUM EFTIR AÐ SKÓLA LÝKUR.

Góð samvinna eru okkar einkunnarorð og við höldum áfram því góða samstarfi sem skapast hefur á milli skólabílstjóra, skólans og foreldra. Vinsamlegast hafið ávallt samband við skólastjóra ef veður eru tvísýn eða leysa þarf úr málum.

Hlakka til samstarfs okkar skólaárið 2026-2027

Kær kveðja, skólastjóri

# Reglur um skólaakstur í Dalabyggð

Reglur þessar voru að grunni til samþykktar í fræðslunefnd Dalabyggðar 8. júní 2021 og af sveitarstjórn Dalabyggðar 10. júní 2021. Byggðarráð Dalabyggðar samþykkti þær með áorðnum breytingum (í sumarleyfi sveitarstjórnar) þann 20. júlí 2023.

**Almennt**

Um skólaakstur í Dalabyggð gilda reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009 með seinni breytingum ásamt eftirfarandi sérákvæðum:

**Sveitarfélag/skóli**

- Skólaakstur er skipulagður miðað við þarfir grunnskóladeildar Auðarskóla.
- Daglegur skólaakstur er samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur fyrir hvert skólaár í samræmi við kennsluskipan. Fjöldi barna getur verið breytilegur á milli ára. Skólastjóra er heimilit að breyta fyrirkomulagi heimaaksturs þannig að verktaki skuli aka öðrum börnum heim en komu með honum í skóla um morguninn þó þannig að ekki sé um að ræða lengingu viðveru barna í skólabíl.
- Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur.
- Leikskólabörn eldri en 12 mánaða sem hafa fengið leikskólaplássgeta nýtt skólabíl og skal tryggt sæti í skólabíl hafi forráðamaður skráð þau fyrir 1. maí ár hvert.
- Starfsfólk leikskóla sér um að klæða leikskólabörnin og gera þau tilbúin fyrir heimferð.
- Framhaldsskólanemum sem stunda nám í Menntaskóla Borgarfjarðar skal standa til boða sæti í skólabíl skrái þau sig fyrir 15. júní ár hvert.
- Almenningur í Dalabyggð getur nýtt skólabíla varðandi far í og frá Búðardal sé laust rými í bílum. Sama gildir varðandi bíl þann sem ekur á milli Búðardals og Borgarness með framhaldsskólanema, ef laust rými er í þeim bíl þá er heimilt fyrir almenning að fá far með þeim bíl. Dalabyggð áskilur sér rétt að framfylgja þeim skilyrðum sem bílstjórum og starfsfólki Auðarskóla er gert að sæta sbr. hreint sakavottorð ef upp koma tilvik sem kalla á slíkt gagnvart almennum farþegum. Skólastjóra og/eða sveitarstjóra sé gert aðvart ef talin er þörf á að meta einstaka tilvik.

**Bílstjórar/verktakar**

- Bílstjórar/verktakar skulu sýna trúnað um öll mál er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og snerta einstaka nemendur, foreldra þeirra eða aðstandendur. Komi upp

vandamál í skólabíl svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvað barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra.

- Bílstjóri heldur uppi aga í skólabíl og gætir þess að skólareglum Auðarskóla sé fylgt í bílnum. Skólastjóri sér um að börn setji sig í öryggisbelti og séu rétt fest í bílstóla. Bílstjórar skulu vera snyrtilegir til fara.
- Ekki er heimilt að skipta um bílstjóra skólabíls nema skólastjóri sé upplýstur um það og viðkomandi bílstjóri sé skráður varabílstjóri.
- Bílstjóri fylgir leikskólabörnum í leikskólann og skilar þeim í umsjá starfsfólks. Bílstjóri nær í leikskólabörn í leikskóla og festir þau í sæti. Bílstjóri aðstoðar önnur börn úr og í bíl etir þörfum. Ef fleiri en tvö leikskólabörn eru í skólabíl aðstoðar starfsfólk leikskóla bílstjóra við að fylgja þeim í og úr bíl.
- Verktaki skal sjá til þess að bifreið sú sem notuð er til skólaakstursins uppfylli öll ákvæði laga, reglugerða, samninga og settra reglna um gerð, búnað og merkingu sem í gildi eru á hverjum tíma. Kostnað við breytingar sem upp kunna að koma vegna breyttra laga, reglugerða og settra reglna um gerð og búnað hennar, skal eigandi bera sjálfur. Allar bifreiðar sem notaðar eru til að aka nemendum á vegum skólans verða að hafa öryggisbelti á öllum sætum.
- Bifreiðar sem notaðar eru til aksturs á skólabörnum skulu vera snyrtilegar, loftgóðar og reyklausar.
- Bílstjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki eða sleppa einhverjum bæjum ef aðstæður eru víðsjárverðar. Slík ákvörðun er tekin í samráði við skólastjóra. Skólastjóri getur eftir atvikum óskað eftir að skólaakstri sé flýtt, seinkað eða felldur niður vegna veðuraðstæðna.
- Bílstjóri getur neitað að flytja leikskólabörn til skóla ef veðurútlit er slæmt.
- Komu- og brottfarartímar eiga að vera ákveðnir og stundvísi mikilvæg. Bílstjóri skal haga akstri þannig að nemendur komi á tilsettum tíma í skólann, ekki of seint og ekki heldur of snemma til að forðast aukinn biðtíma. Bílstjórar skulu að jafnaði ekki sinna einkaerindum meðan börnin eru í bílnum né láta slík erindi seinka ferðum.
- Skólabílar eiga fasta biðstöð á skólalóð og þar er bannað að bakka. Bílstjórar skila leikskólabörnum í umsjá starfsmanns leikskóla eftir að hafa skilað grunnskólabörnum og ná í leikskólabörn í leikskóla áður en grunnskólabörn eru sótt.
- Verði slys skal skólabílstjóri strax hafa samband við lækni, lögreglu og skólastjóra. Í vondu veðri má bílstjóri ekki sleppa nemendum úr augsýn.
- Bílstjóri gætir þess eftir mætti að hafa opinn farsíma yfir daginn ef breyta þarf áætlun.
- Skólabílstjórar (og afleysingarbílstjórar) skulu sækja skyndihjálparnámskeið reglulega (annað hvert ár sbr. starfsfólk Auðarskóla.

- Þar sem því verður við komið skal skila barni sem kemur á undan bíl að morgni á undan heim. Þetta gildir þó aðeins þar sem seta barna í bíl lengist lítið eða ekkert fyrir vikið.

**Farþegar/foreldrar/forráðamenn**

- Foreldrar/forráðamenn leikskólabarna þurfa að sækja um pláss í skólabíl fyrir 1. maí fyrir næsta skólaár. Umsóknir skal endurnýja á hverju ári.
- Foreldrar/forráðamenn leikskólabarna bera ábyrgð á að útvega viðurkennda barnabílstóla fyrir sitt barn sem einungis verður notaður af því.
- Foreldrar/forráðamenn leikskólabarna koma með börn sín í skólabílinn og festa þau í sitt sæti.
- Nemendur skuli vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur í hlað á morgnana.
- Neysla sælgætis, gosdrykkja, tóbaks og áfengis er óheimil í skólabílnum.
- Sýna bera samferðarfólki kurteisi og tillitssemi í skólabílnum.
- Ef foreldrar hafa áhuga á að senda barn sitt sem „gest“ í með skólabíl skal ræða þá fyrirætlan við skólabílstjóra og skólastjóra og fá samþykki þeirra fyrir aukafarþega.
- Bílstjórar eru ekki skyldugir til að taka aukafarangur svo sem hjól nemenda með skólabíl.
- Forðast ber að trufla bílstjóra á meðan á akstri stendur.

# Skólareglur

Skólareglur Auðarskóla gilda líka í skólabílum

Sjá hér https://audarskoli.is/um-skolann/skolareglur/

# Skólaakstur við erfið veðurskilyrði

**Vont veður eða ófært að morgni**

Ef skólabílstjórar á einstaka akstursleiðum telja að veður eða færð hamli skólaakstri hringja þeir beint í síma skólastjóra **892-2942** og tilkynna slíkt. Helstu útfærslur við slíkar aðstæður eru:

a) Akstri seinkar vegna færðar/veðurs. Bílstjóri og/eða skóli lætur heimili vita.

b) Akstur er felldur niður vegna færðar/veðurs. Bílstjóri og/eða skóli lætur heimili vita.

Ef glórulaust óveður er að morgni og ekki talið öruggt að halda skóla eða að erfitt verði að manna skóla, þá fellir skólastjóri niður skólahald og tilkynnir skólabílstjórum það símleiðis snemma morguns.

**Versnandi veður á skólatíma**

Fari veður versnandi á skólatíma geta skólabílstjórar á einstaka skólaleiðum óskað eftir því að aka börnum heim fyrr. Hafa þeir þá samband við skólastjóra með ákvörðun á tímasetningu. Skólaritari hefur samband við heimili um að akstri hafi verið flýtt til að tryggja að einhver sé heima til að taka á móti nemendum.

Skólastjóri hefur einnig stundum frumkvæði að því að hringja í bílstjóra og óska eftir að akstri verði flýtt. Í kjölfarið hefur skólaritari samband við heimili og upplýsir um breyttar tímasetningar.

Þegar flýtingar eru viðhafðar geta tímasetningar á flýtingunni verið misjafnar milli akstursleiða.

**Vont veður eða ófærð í lok skóladags**

Séu veðurskilyrði svo erfið eða tvísýn í lok skóladags að ekki verði hægt að fara af stað með heimakstur á ákveðnum aksturleiðum setur skólabílstjóri sig í samband við skólastjóra. Helstu útfærslur við slíkar aðstæður eru:

a) Heimakstri seinkað. T.d. vegna þess að veður er að ganga niður og von um betra veður nokkru síðar eða vegna þess að aksturleið er mokuð. Skólaritari hefur samband við heimili og útskýrir stöðuna.
b) Heimakstur felldur niður. T.d. ef frestum ber ekki árangur eða veður fer versnandi og engar horfur að það gangi niður á næstunni. Skóli hefur samband við heimili og útskýrir stöðuna.

## Skólabílstjórar

Leið 1: Guðbjörn Guðmundsson hs 434-1258 gsm 894-0058

Leið 2: Jón Egilsson hs 434-1349 gsm 897-1349

Leið 3: Sigmundur H. Sigmundsson gsm 894-4802

Leið 4: Þröstur Leó Þórðarson hs 434-1315 gsm 845-7042

Leið 5: Sigurður Hrafn Jökulsson hs 434-1350 gsm 661-0434

Leið 6: Þórður Svavarsson hs 434-1315 gsm 896-1315

Leið 7: María Hrönn Kristjánsdóttir hs 434-1350 gsm 849-1858

**Varabílstjórar**

Leiðir 1-2-3:

Jón Egill Jónsson hs 434-1349 gsm 867-5604

Gunnbjörn Óli Jóhannsson hs 434-7808 gsm 893-2223

Leiðir 4-5-6-7:

Þorbjörn Jóelsson gsm 899-9411

Þórey Björk Þórisdóttir gsm 821-1183

Sæmundur G Jóhannsson gsm 892-3048

Einar Jón Geirsson gsm 893-9066

# Akstursáætlun

| **Leið 1** | **Saurbær - Auðarskóli** | | Bílstjóri: Guðbjörn Guðmundss | | Verktaki: Kolur ehf. | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Heimili | Nafn barns | Bekkur | Heimasími | Gsm móður | Gsm föður |
| 1 | Kverngrjót | Nikola Elza Grzybcsyk | 7.b | 4875331 | 8492725 Ragga | 8642163 Biggi |
| 2 | Kverngrjót | Zuzanna Rosa Grzybcsyk | 7.b | 4875331 | 8492725 Ragga | 8642163 Biggi |
| 3 | Kverngrjót | Jakub Rafal Grzybcsyk | 9.b | 4875331 | 8492725 Ragga | 8642163 Biggi |
| 4 | Kverngrjót | Daníel Freyr Jensen | 8.b | 4875331 | 8492725 Ragga | 8642163 Biggi |
| 5 | Þurranes | Hulda Sophia Loloiboni | 8.b | | 7806697 Linda | |
| 6 | Stórholti 2 | Kristófer Logi Steinþórsson | Leikskóli | | 7775788 Eydís | 8581999 Steinþór |
| 7 | Stórholti 2 | Þórður Elí Steinþórsson | Leikskóli | | 7775788 Eydís | 8581999 Steinþór |
| 8 | Hvítidalur 2 | Gerðar Freyr Þorbjörnsson | 2.b | 5878770 | 8671729 Dögg | 8617249 Bubbi |
| 9 | Laugasel | Óskar Leó Gunnarsson | Leikskóli | | 8302924 Anna | 7791836 Gunnar |
| 10 | Sælingsdalstunga | Lauga Björg Eggertsdóttir | 10.b | 783 6333 | 7791838 Kristín | 6631474 Friðjón |
| **Leið 2** | **Fellsströnd/Hvammssveit - Auðarskóli** | | Bílstjóri: Jón Egilsson | | Verktaki: Kolur ehf. | |
| Fjöldi | Heimili | Nafn barns | Bekkur | Heimasími | Gsm móður | Gsm föður |
| 1 | Lyngbrekka | Orri Freyr Ármannsson | 9.b | 4341616 | 8625718 Sigrún | 6991620 Ármann |
| 2 | Valþúfa | Bryndís Björg Sæþórsdóttir | 1.b | 5715189 | 8625189 Rúna | 6620714 Sæþór |
| 3 | Valþúfa | Þórdís Inga Sæþórsdóttir | 1.b | 5715189 | 8625189 Rúna | 6620714 Sæþór |
| 4 | Valþúfa | Þórður Emil Sæþórsson | 3.b | 5715189 | 8625189 Rúna | 6620714 Sæþór |
| 5 | Valþúfa | Stefanía Rut Sæþórsdóttir | 6. b | 5715189 | 8625189 Rúna | 6620714 Sæþór |
| 6 | Rauðbarðaholt | Freyja Sjöfn Einarsdóttir | 5.b | | 8672646 Inga | 6620335 Einar |
| 7 | Rauðbarðaholt | Auður Linda Einarsdóttir | 8.b | | 8672646 Inga | 6620335 Einar |
| 8 | Hólar | Alexander Steinn Hjaltason | 9.b | 4341674 | 8971674 Rebecca | 8941274 Hjalti |
| 9 | Ásgarður | Salbjörg Magna Eyjólfsdóttir | Leikskóli | | 8430107 Lóa | 8620384 Eyjólfur |
| 10 | Ásgarður | Erna Diljá Eyjólfsdóttir | 2.b | | 8430107 Lóa | 8620384 Eyjólfur |
| 11 | Ásgarður | Eydís Helga Eyjólfsdóttir | 3.b | | 8430107 Lóa | 8620384 Eyjólfur |
| 12 | Magnússkógar 3 | Atli Fannar Ólafsson | 9.b | 4341259 | 8950559 Anna | 8623501 Lolli |
| **Leið 3** | **Laxárdalur (N) - Auðarskóli** | | Bílstjóri: Sigmundur H. Sigmund | | Verktaki: Kolur ehf. | |
| Fjöldi | Heimili | Nafn barns | Bekkur | Heimasími | Gsm móður | Gsm föður |
| 1 | Hróðnýjarstaðir | Hanna Kristín Ringsted | 6.b | 4314212 | 8411975 Lára | 8949492 Gunnar |
| 2 | Hróðnýjarstaðir | Elísabet María Ringsted | 8.b | 4314212 | 8411975 Lára | 8949492 Gunnar |
| **Leið 4** | **Laxárdalur (S) - Auðarskóli** | | Bílstjóri: Þröstur Leó Þórðarson | | Verktaki: BS þjónusta ehf. | |
| Fjöldi | Heimili | Nafn barns | Bekkur | Heimasími | Gsm móður | Gsm föður |
| 1 | Gröf | Jóhann Elís Katarínusson | 4.b | | 8627550 Bergþóra | 8920019 Kati |
| 2 | Leiðólfsstaðir | Þórir F. Unnsteinsson | 9.b | 4341614 | 8211183 Þórey | 8641416 Steini |
| 3 | Leiðólfsstaðir | Aðalheiður R. Unnsteinsdóttir | 10.b | 4341614 | 8211183 Þórey | 8641416 Steini |
| 4 | Höskuldsstaðir | Unnar Jökull Arnarsson | 7.b | 4341220 | 8495983 Edda | 8664075 Arnar |
| **Leið 5** | **Miðdalir - Auðarskóli** | | Bílstjóri: Sigurður H. Jökulsson | | Verktaki: BS þjónusta ehf. | |
| Fjöldi | Heimili | Nafn barns | Bekkur | Heimasími | Gsm móður | Gsm föður |
| 1 | E-Hundadalur | Sigursteinn Í. L. Guðmundsson | 7.b | 4341301 | 8233098 Bjögga | 8550129 Denni |
| 2 | N-Hundadalur 2 | Hersteinn Hugi Jensdóttir | 5.b | 5881378 | 6639706 Sigurdís | 8920279 Jenni |
| 3 | N-Hundadalur 2 | Daley Viðja Jensdóttir | 9.b | 5881378 | 6639706 Sigurdís | 8920279 Jenni |
| 4 | Kringla | Jóel Steinn Arnarsson | 4.b | 4366576 | 6956576 Fjóla | 7774640 Arnar |
| 5 | Kringla | Nadía Rós Arnarsdóttir | 8.b | 4366576 | 6956576 Fjóla | 7774640 Arnar |
| 6 | Miðskógur | Alex Örn Jóhannesson | 6.b | | 7718937 Sunneva | 8470604 Jóhannes |
| 7 | Miðskógur | Móheiður Líf Birgisdóttir | 8.b | | 7718937 Sunneva | 8470604 Jóhannes |
| 8 | Miðskógur | Guðrún Birna Jóhannesdóttir | 9.b | | 7718937 Sunneva | 8470604 Jóhannes |
| 9 | Erpsstaðir | Sigurður Elvar Finnbogason | leikskóli | | 8677600 Marín | 8674223 Finnbogi |
| 10 | Erpsstaðir | Sólveig Halla Finnbogadóttir | leikskóli | | | |
| **Leið 6** | **Hörðudalur - Auðarskóli** | | Bílstjóri: Þórður Svavarsson | | Verktaki: BS þjónusta ehf. | |
| Fjöldi | Heimili | Nafn barns | Bekkur | Heimasími | Gsm móður | Gsm föður |
| 1 | Tunga | Grétar Aron Davíðsson, | leikskóli | | 9699986 Rakel Amlín | 8697728 Davíð Sæmundss |
| 2 | Hlíð | Svana Rós Svavarsdóttir | 5.b | 4341103 | 8693193 Rakel | 8662055 Svavar |
| 3 | Geirshlíð | Bryndís Mjöll Guðmundsdóttir | 10.b | 4341654 | 6901654 Lína | 6632654 Gummi |

| **Leið 7** | **Skógarströnd - Auðarskóli** | | Bílstjóri: María Hr. Kristjánsdót | | Verktaki: BS þjónusta ehf. | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Heimili | Nafn barns | Bekkur | Heimasími | Gsm móður | Gsm föður |
| 1 | Steintún | Guðmundur Ari Björgvinsson | 8.b | 4381030 | 8470652 Sigga | 8680952 Björgvin |
| 2 | Dunkur | Snær Kárason | 1.b | 4381478 | 8679772 Berghildur | 6932420 Kári |
| 3 | Dunkur | Ísey Káradóttir | 9.b | 4381478 | 8679772 Berghildur | 6932420 Kári |
| 4 | Vatn | Jökull Sigurðsson | 9.b | 4341350 | 8491858 Mæja | 6610434 Siggi |
| 5 | Vatn | Kristján Þorgils Sigurðsson | 10.b | 4341350 | 8491858 Mæja | 6610434 Siggi |

# Dagar sem ekki er skólaakstur og dagar með breyttum tíma

| Dagar sem ekki er skólaakstur | |
|---|---|
| 24.ágú | Skólasetning |
| 14.okt | Skipulagsdagur |
| 15.okt | Foreldrasamtöl |
| 29.okt | Vetrarfrí |
| 30.okt | Vetrarfrí |
| 21. des-4. jan | Jólafrí |
| 3.feb | Skipulagsdagur |
| 4.feb | Foreldrasamtöl |
| 15.feb | Vetrarfrí |
| 16.feb | Vetrarfrí |
| 22. mar 29. mar | Páskafrí |
| 14.apr | Skipulagsdagur |
| 22.apr | Sumardagurinn fyrsti |
| 6.maí | Uppstignigardagur |
| 17.maí | Annar í hvítasunnu |
| 31.maí | Skipulagsdagur |
| **Dagar sem brugðið er út af hefðbundnum skóladegi** | |
| 18.nóv | Heimferð kl. 12:50- Kaffihúsakvöld kl. 17:00 |
| 27.nóv | Heimferð kl. 13:10- Danssýning kl. 12:00 |
| 18.mar | Heimakstur kl. 12:50- Árshátíð kl. 17:00 |
| 3.jún | Heimakstur kl. 12:50- Vorhátíð f.h.- Skólaslit kl. 16:30 |

# Skóladagatal grunnskóli




Skóladagtal leik- og grunnskóla Auðarskóla má líka finna á vef skólans.